

Priðjudaginn 8. október 1957.

Nr. 48/1955. **Jóhann Sveinbjörnsson, Njáll Sveinbjörnsson  
og Halldór Matthíasson**

(Guðmundur Pétursson hdl.)

gegn

**Stýrimannafélagi Íslands og gagnsök**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

**Dóمندur:**

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,  
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann  
Snævarr.**

Deila um legu seldrar landspildu.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjendur hafa fengið áfrýjunarleyfi 16. marz 1955 og skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. s. m. Þeir gera þær dómkröfur, að lenda gagnáfrýjanda „í landi Snorra-staða í Laugardal verði ákvörðuð þannig, að hún sé ferhyrndur reitur, 63,04 metrar á breidd, sem hefjist 200 metra frá Einstainslæk, afmarkaður að neðan með girðingu og liggi til suðvesturs svo langt, að flatarmálið verði 12768 fermetrar“. Þá krefjast þeir málskostnaðar af gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur samkvæmt áfrýjunarleyfi 5. júlí 1955 áfrýjað málinu með stefnu 6. s. m. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó svo, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað í héraði auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Jóhann Sveinbjörnsson, Njáll Svein-

björnsson og Halldór Matthíasson, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Stýrimannafélagi Íslands, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur landamerkjadóms Árnassýslu 9. október 1954.**

Árið 1954, laugardaginn 9. okt., var í landamerkjadómi Árnassýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af sýslumanni Páli Hallgrímssyni og meðdómsmönnum Erlendi Björnssyni hreppstjóra á Vatnsleysu og Halldóri Gunnlaugssyni hreppstjóra á Kiðjabergi kveðinn upp dómur í málinu nr. 9/1953, Stýrimannafélag Íslands gegn Jóhanni Sveinbjörnssyni, Njáli Sveinbjörnssyni og Halldóri Matthíassyni. Mál þetta var höfðað með stefnu, útgefinni 3. júní 1953, þingfest sama dag, en dómtekið 7. okt. 1954.

Tildrög máls þessa eru þau, að á árinu 1933 gerði Stýrimannafélag Íslands kaupsamning um 4 vallardagsláttur lands úr Snorra- staðalandi í Laugardal við eiganda og ábúanda jarðarinnar, Sveinbjörn Eyjólfsson. Lega landsins var ekki ákveðin í kaupsamningnum, en kaupanda heimilað að velja landið síðar eftir samkomulagi við seljanda úr óræktuðu landi jarðarinnar. Kaupverð landspildunnar var ákveðið í samningnum, „og greiðist helmingur þess við undirskrift samnings þessa“ segir þar enn fremur.

Ekki alllöngu eftir samningsgerð þessa andaðist Sveinbjörn bóndi á Snorrastöðum, en ekkja hans, Guðrún Eyjólfsdóttir, hélt áfram búskap á jörðinni með sonum sínum, og hafði þá enn ekkert gerzt um afmörkun landsins, en eftir því sem næst verður komið, fóru sex fulltrúar Stýrimannafélagsins sumarið 1936 eða 1937 úr Reykjavík austur að Snorrastöðum til þess að staðsetja hina umsömdu landspildu. Menn þessir voru: Davíð Gíslason stýrimaður, Guðbjörn Bjarnason stýrimaður, Grímur Þorkeðsson stýrimaður, Sigmundur Sigmundsson skipstjóri, Sigurður Gíslason skipstjóri og Jón Axel Pétursson, þáverandi formaður Stýrimannafélagsins. Skoðuðu þeir ýmsa staði í landi jarðarinnar, og var í fylgd með þeim Eyjólfur Sveinbjörnsson, elsti sonur húsfreyju, þá uppkomin maður. Af fulltrúum Stýrimannafélagsins eru tveir hinir fyrst nefndu dánir, en í málinu liggja fyrir vitnisburðir hinna fjögurra, og eru þeir allir efnislega samhljóða um staðarvalið. Tveir fulltrúanna, þeir Sigurður

Gíslason og Jón Axel Pétursson, taka einnig fram, að landið hefðu þeir afmarkað með niðurreknum hælum. Vitnisburður Eyjólfss Sveinbjörnssonar liggur einnig fyrir í málinu. Minnst hann þess, hvar fulltrúum Stýrimannafélagsins leitz bezt á sig, og að hælur voru reknir niður til þess að afmarka landið. Er vitnisburður hans um þetta efni í samræmi við frásögn fulltrúa Stýrimannafélagsins. Samkvæmt frásögn þessara fimm vitna var landið staðsett í skógarhlíðinni suðvestur frá Einsteinslæk í Snorrastaðalandi og skyldi ná að læknum.

Þrátt fyrir þessa staðsetningu landsins kom ekki til útgáfu afsals fyrr en löngu síðar. Nefndur Eyjólfur Sveinbjörnsson veiktist á árinu 1939 og mun lengstum síðan hafa dvalizt á sjúkrahúsi. Jón Axel Pétursson, þáverandi formaður Stýrimannafélagsins, og alla stund forgöngumaður þess um viðskiptin við eigendur Snorrastaða, reisti sér sumarbústað, að því er ætla má árið 1942, í umræddu landi, nálægt miðju þess. Árið eftir, 1943, andaðist Guðrún, húsfreyja á Snorrastöðum, og urðu synir hennar, Jóhann og Njáll Sveinbjörnssynir, þá eigendur jarðarinnar í sambandi við skipti dánarbúsins. Kom því í þeirra hlut af hálfu Snorrastaða að fullnægja samningi þeim, er gerður var við Stýrimannafélagið 1933. Undirrituðu þeir afsal fyrir landspildunni 5. ágúst 1944. Í skjali þessu er hinu afsalaða landi lýst þannig: „..... 4 vallardagsláttur að stærð, eða nánar tiltekið 12768 fermetra. Land þetta liggur 200 m í suðvestur frá Einsteinslæk og er 63.04 metra á breidd. Landið er afmarkað með hælum, og verður gerður af því uppdráttur, undirritaður af seljanda og kaupanda, og skal festa hann við afsal þetta“. Upplýst er af báðum málsaðiljum, að uppdrátturinn hafi aldrei verið gerður. Stefndandi getur ekki um aðra afmörkun landsins en þá, sem fram fór 1936 eða 1937 og áður er lýst. Stefndu, Snorrastaðabændur, telja sig ekki vita til þess, að landið hafi nokkru sinni verið afmarkað með hælum.

Stefndandi leggur þann skilning í orð afsalsins, sem hér að framan eru tilfærð, að landið nái frá Einsteinslæk 200 metra til suðvesturs. Stefndu, Snorrastaðabændur, telja hins vegar, að það sé og hafi frá upphafi verið þeirra tilætlun og skilningur á orðum afsalsins, að landið væri í 200 metra fjarlægð frá læknum og lægi þaðan til suðvesturs. Í samræmi við þá afstöðu sína leyfðu þeir á árinu 1948 Soffíu Vilhjálmisdóttur úr Reykjavík að reisa sumarbústað í hér um bil 20 skrefa fjarlægð frá húsi Jóns Axels Péturssonar á landi því, sem Stýrimannafélagið kallar til í máli þessu, og árið 1951 leigðu þeir meðstefnda, Halldóri Matthíassyni skrifstofustjóra í Reykjavík, tvær dagsláttur lands,

sem að nokkru leyti er hið sama sem Stýrimannafélagið telur sig eiga.

Þegar Jón Axel Pétursson varð þess var, að Halldór Matthíasson undirbjó girðingu um leiguland sitt, hóf hann mótmæli gegn þeim framkvæmdum á landi því, sem hann taldi eign Stýrimannafélagsins, og hugðist að láta leggja lögbann við þeim, en áður en til þess kæmi, var verkinu lokið, og er mál þetta þar af spröttið.

Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru á þá leið, að landamerki landspildu þeirrar, sem Stýrimannafélag Íslands keypti af Jóhanni og Njáli Sveinbjörnssonum samkvæmt afsali 5. ágúst 1944, verði ákveðið þannig, að hún byrji við Einsteinslæk og liggi í suðvestur frá læknum 200 metra og sé 63.04 metrar á breidd, eins og nánar er sýnt á uppdraetti á dómskjali 10, að hinir stefndu verði, einn fyrir alla og allir fyrir einn, dæmdir að viðlögðum dagsektum eftir mati dómsins, er renni til stefnanda, til þess að taka upp og flytja á brott girðingu þá, sem meðstefndi, Halldór, hefur sett upp á téðu landi, og að hinir stefndu verði, einn fyrir alla og allir fyrir einn, dæmdir til greiðslu málskostnaðar til handa stefnanda að mati dómsins.

Til stuðnings kröfum sínum skírskotar stefnandi til efnislega samhljóða frásagnar fimm vitna um staðsetningu landsins á árunum 1936 eða 1937 og til orðalags afsalsins frá 1944, sem hann telur, að ekki verði með réttu skilið öðruvísi en í samræmi við lýsingu vitnanna.

Dómkröfur stefndu eru á þá leið, að landspilda sú, sem um er deilt í málinu, verði af landamerkjadómnum ákvörðuð þannig, að hún hefjist 200 metra suðvestur frá Einsteinslæk, eins og nánar er sýnt á dómskjali 7, og sé 63.04 metrar á breidd, en 202.54 metrar á lengd, að þeir verði að öðru leyti sýknaðir af dómkröfum stefnanda, og að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Stefndu segja, að þeir krefjist staðsetningar landsins í samræmi við tilætlun og skilning Snorrastaðabænda á orðalagi afsalsins, þegar það var undirritað og æ síðan. Til frekari stuðnings þessari kröfu sinni færa þeir fram eftirfarandi:

1. Að við undirritun afsalsins hafi það komið skýrt fram í viðtali Snorrastaðabænda við Jón Axel Pétursson, sem undirritaði af hálfu Stýrimannafélagsins, að hann teldi hús sitt vera fyrir utan land félagsins. — Þessum ummælum er algerlega mótmælt af Jóni Axel Péturssyni.
2. Vitnisburð Eyjólfss Sveinbjörnssonar, sem segir, að þegar vitn-

- ið kom að Snorrastöðum með Jóni Axel Péturssyni, skömmu eftir að Jón byggði sumarbústað sinn, þá hafi Jón sagt vitninu berum orðum, að hús hans væri ekki í landi Stýrimannafélagsins. Þessum ummælum hefur Jón mótmælt sem tilhæfulausum.
3. Að Jón Axel Pétursson hafi eitt sinn fyrir löngu útvegað Snorrastaðabændum timbur í hlöðupak, og þá hafi svo til talast á milli þeirra bændanna og Jóns, að andvirði timbursins skyldi ganga upp í leigu eftir sumarbústaðaland Jóns. Jón kannast við að hafa á sínum tíma útvegað bændunum timbrið, en telur hitt tilhæfulaust, að nokkru sinni hafi verið til annars ætlazt en þess, að það yrði greitt réttu verði.
  4. Vottorð Péturs Sigurðssonar, Reykjavík, sem var formaður Stýrimannafélagsins frá 22. apríl 1944 til 3. júní 1946. Segir hann, að í sinni formannstið hafi sér ekki verið kunnugt um, að nokkurt hús væri í landi Stýrimannafélagsins, en hins vegar hafi sér verið kunnugt um, að Jón Axel Pétursson ætti sumarbústað þar rétt hjá. Af hálfu stefnanda er véfengt, að vitnið hafi nokkuð vitað með vissu um takmörk landsins, og var vitnið þó formaður félagsins, þegar afsalið fyrir landinu var gefið út.
  5. Að kröfugerð stefnanda um lengd og breidd landsins fái ekki staðizt reikningslegru, miðað við flatarmál þess, sem er í afsalinu ákveðið 4 vallardagsláttur, eða nánar tiltekið 12768 fermetrar. Eftir kröfum stefnanda er landið 12608 fermetrar, eða 160 formetrum minna. Stefndu telja, að í afsalinu hafi aðeins breidd landsins verið tiltekin með tilliti til þess, að flatarmálið segði síðan til um lengdina, og eftir því eigi spildan að vera 202.54 metra löng. Stefndu telja þetta leiða það í ljós, að þar sem 200 metrar eru nefndir í afsalinu, sé átt við fjarlægð spildunnar frá læknum, en ekki lengd hennar sjálfrar. Stefndandi telur þetta misræmi stafa af ritvillu í afsalinu.
  6. Vottorð Páls Guðmundssonar á Hjálmsstöðum, sem segir, að 1949 hafi Jón Axel Pétursson beðið sig að talfæra það við Jóhann Sveinbjörnsson, að Jón fengi keypta lóðina, sem sumararbústaður Jóns stendur á. Þetta telur Jón misminni Páls, en kveðst hafa beðið Pál að talfæra „land, er svaraði til blettsins eða lóðarinnar, sem sumararbústaður Jóns Axels stendur á“. Í þessu sambandi tekur Jón Axel Pétursson fram, að um þessar mundir hafi hann komið auga á það, að sökum ört fjölgandi meðlimatölu í Stýrimannafélaginu kynni land

þess brátt að verða of lítið, ef áhugi vaknaði fyrir byggingum á því. Taldi hann því æskilegt að afla félaginu aukins landrýmis. Vegna ýmissa vinsamlegra skipta við Snorrastaðabændur taldi hann sig persónulega hafa betri aðstöðu en félagið til þess að fá keypt land til viðbótar. Síðan kveðst hann hafa ætlað að afhenda félaginu það land, sem hann kynni að fá keypt.

7. Að af hálfu stefnanda hafi aldrei verið amazt við húsi Soffíu Vilhjálmsdóttur, enda þótt það hafi í sex ár staðið á áberandi stað í landi því, sem stefnandi telur nú sína eign. Telja stefndu það lítt samrímanlegt núverandi afstöðu stefnanda, að af félagsins hálfu skyldi hvorki vera mótmælt byggingu hússins né síðar á nokkurn hátt á það bent, að húsið stæði þarna í órétti, fyrr en slíkt kemur fram óbeint sem afleiðing af kröfugerð stefnanda í máli þessu gegn öðrum aðiljum en eiganda hússins. Af hálfu stefnanda er talið, að þegar umrætt hús var byggt, hafi Jón Axel Pétursson ekki verið í stjórn félagsins, dvalið mikið erlendis og haft lítil afskipti af málefnum félagsins, en af óaðgæzlu eða skorti á kunnugleika hafi þáverandi félagsstjórn láðst að bera fram mótmæli gegn byggingu hússins. —

Landamerkjadómurinn telur sannað með efnislega samhljóða frásögn fimm vitna, að samkvæmt kaupsamningnum frá 1933 völdu fulltrúar Stýrimannafélagsins árið 1936 eða 1937 til handa félaginu þá landspildu úr Snorrastaðalandi, sem félagið gerir í máli þessu kröfu til að eiga. Einnig telur landamerkjadómurinn orð afsalsins: „Land þetta liggur 200 m í suðvestur frá Einsteinslæk . . .“ samkvæmt hversdagslegri málvenju þýða það, að landið liggi að læknum og nái 200 metra frá honum til suðvesturs. Loks telur landamerkjadómurinn hina tilteknu breidd landsins, 63,04 metra, fremur mæla með því en í móti, að landið hafi átt að vera 200 metra langt. Alls engin kennileiti eða aðstæður eru á þessum slóðum að finna í landslaginu, sem geri það sennilegt, að fyrst hafi verið mæld út 63,04 metra breidd, með það fyrir augum að láta síðan hið ákveðna flatarmál segja til um lengdina. En 63,84 metra breidd á móti 200 metra lengd gefur umrædda 12768 fermetra, sem má heita rétt reiknað flatarmál á 4 vallar-dagsláttum. Þykir því næsta litlum vafa undirorpið, að hér sé um reiknings- eða ritvillu að ræða. Hér við bætist, að eigendur Snorrastaða undirrituðu margnefnt afsal með vísun til þess, að landið væri afmarkað með hælum. Ekki er vitað um neina afmörkun landsins aðra en þá, sem félagið lét framkvæma. Allt

orðalag afsalsins virðist þannig miðað við það land, sem félagið hafði valið sér. Verður því að telja, að Stýrimannafélagið hafi réttilega verið í góðri trú um, að sá væri tilgangur seljendanna, og verður að telja þá bundna við orðalagið, enda þótt þeir hafi lagt í það annan skilning.

Krafa stefnanda um staðsetningu landsins verður því tekin til greina svo og krafa stefnanda um brottflutning girðingar Halldórs Matthíassonar af landi félagsins að viðlögðum dagsektum, sem eftir atvikum þykja hæfilega ákveðnar 50 krónur frá 1. júní n.k. að telja.

Í máli þessu hafa stefndu lagt fram ýmis gögn fyrir því, að þeir hafi mátt ætla, að stefnandi væri á sama máli og þeir um legu hins umdeilda lands. Þeir hafa lagt fram vottorð Péturs Sigurðssonar, sem var formaður Stýrimannafélagsins, þegar afsalið var gefið út, eða frá 22. apríl 1944 til 3. júní 1946, og sýnir vottorðið, að formaðurinn áleit, að hús Jóns Axels Péturssonar stæði ekki í landi félagsins. Stefndu hafa einnig vísað til ummæla Jóns Axels Péturssonar, sem fjallað er um undir tölulíðum 1—3 hér að framan, en þar er um að ræða staðhæfingar gegn staðhæfingum, sem engar ályktanir verða af leiddar. Stefndu hafa og vísað til vitnisburðar Páls Guðmundssonar, sbr. tölulið 6 hér að framan, um að Jón Axel hafi árið 1949 óskað að fá keypta lóðina undir húsi sínu. Jón Axel kveður orðsendingu sína hafa hljóðað um „land, er svaraði til blettsins eða lóðarinnar, sem sumarbústaður Jóns Axels stendur á“. Orðalag þetta var að algengri málvenju næsta vel fallið til þess skilnings, sem Páll Guðmundsson og eigendur Snorrastaða lögðu í það, ekki sízt þegar litið er til þess, að Jón Axel Pétursson, sem kveðst hafa verið að leita eftir auknu landi handa Stýrimannafélaginu, hreyfði á sama tíma engum athugasemdum við byggingu húss óviðkomandi aðilja í landi félagsins. Þykir fyrir þessar sakir sanngjarnt, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsaðiljar eru sammála um, að suðausturhlið hins umdeilda lands falli saman við forna girðingu neðarlega í Snorrastaðaskógi, hvort sem landið verði ákveðið nær eða fjær Einsteinslæk.

#### Dómsorð:

Landspilda Stýrimannafélags Íslands í Snorrastaðalandi í Laugardal er hornréttur ferhyrningur, 63.04 metrar á breidd og 200 metrar á lengd, frá Einsteinslæk að telja til suðvesturs. Suðausturhlið spildunnar fellur saman við forna girðingu neðarlega í Snorrastaðaskógi. Stefndu skulu, einn

fyrir alla og allir fyrir einn, hafa flutt girðingu Halldórs Matthíassonar brott af landi stefnanda hinn 1. júní 1955, að viðlögðum 50 kr. dagsektum til stefnanda, frá þeim degi að telja.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 10. október 1957.

Nr. 161/1957. Almennar tryggingar

gegn

Tryggva Ófeigssyni.

Dómdur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór B. Línal.

Frávísun frá héraðsdómi.

### Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. f. m., er barst dóminum 1. þ. m. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að héraðsdómurinn verði felldur úr gildi og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til raka hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 700.00.

### Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Almennar tryggingar h/f, greiði varnaraðilja, Tryggva Ófeigssyni, kærumálskostnað, kr. 700.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.